

Menntaskólinn við Hamrahlíð



Opið hús fimmtudaginn

9. mars 2017 frá kl. 16:30-18:30.

10.- bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.

Kynnt verður námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf. Einnig mun Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngja nokkur lög kl. 17:30.



Námsbrautir í boði: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, IB-braut, sérnámsbraut, listdansbraut og tónlistarbraut.

Þriggja ára stúdentspróf: Duglegir nemendur með góðan undirbúning úr grunnskóla geta lokið stúdentsprófi á þremur árum.

Hlutverk

- Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum.
- Meginhlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Markmið

- Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnarsýslu og rækt við menningu og listir.

Leiðarljós

- Í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru ólíkar þarfir einstaklinga virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð.
- Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.